

## 6. Frumvarp til laga

um ríkisútgáfu skólabóka.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

### 1. gr.

Allar venjulegar námsbækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu.

Nú hýðst útgefandi til að taka að sér útgáfu löggiltrar kennslubókar, og er þá heimilt að taka boði hans, ef hann fullnægir skilyrðum útgáfustjórnar um frágang bókar og verð, enda fari um sölu hennar eftir fyrirætlum 5. gr.

### 2. gr.

Yfirstjórn ríkisútgáfu skólabóka skipa þrjú menn: fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn Sambands ísl. barnakennara, en hinn skipar kennslumálaráðherra, og skal hann skipaður með sérstöku tilliti til þess, að geta verið ráðunautur útgáfustjórnar um kennslubækur til notkunar í æðri skólum (sbr. 7. gr.). Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

### 3. gr.

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé til nægilegt af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um útgáfurétt og ritlaun, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er útgáfustjórn að fela ríkisprentsmiðjunni eða öðrum, sem til þess er ráðinn, útsendingu, innheimtu og annað, sem að heildsölu lýtur, enda skulu greiðslur fyrir þau störf taldar til útgáfukostnaðar.

### 4. gr.

Útsöluverð bókanna skal ákveðið sem næst kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

### 5. gr.

Sala bókanna skal falin bóksölu, eða, ef nauðsyn krefur, skólastjórum eða öðrum, sem þeir mæla með. Þóknun fyrir bóksölu má nema allt að 20% af útsöluverði við umboðssölu, en 25% gegn greiðslu við móttöku. Útgáfustjórnin

setur reglur um reikningsskil af hálfu þeirra, er bækurnar hafa til sölu, og tryggingar fyrir greiðslu andvirðis bókanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar kr. 8000.00 -- átta þúsund krónur -- á ári í 6 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira starfsfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Auk kennslubóka þeirra, sem löggiltar eru til notkunar í barnaskólum á hverjum tíma, er stjórn útgáfunnar heimilt að ákveða að gefa út og selja á sama hátt skólabækur til notkunar í hærri skólum. Ennfremur skal henni heimilt að gefa út og hafa til sölu landabréf, veggmyndir og skólanauðsynjar. Þó skulu kennslubækur fyrir barnaskóla að jafnaði ganga fyrir, sbr. 1. gr.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem löggiltar hafa verið til notkunar í barnaskólum, og gefa skal út samkvæmt lögum þessum. Jafnframt rannsakar hún, hve mikil sé árleg meðalsala hversrar bókar, og ákveður, hve langan tíma eigendur slíkra upplaga megi selja bækurnar. Loks sér útgáfustjórn um, að nýjar útgáfur verði til jafnskjótt sem eldri útgáfur þrjóta, eða að komnar séu á markað nýjar bækur, sem löggiltar kunna að hafa verið í stað hinna eldri.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er hér flutt óbreytt eins og samnefnt frumvarp var afgreitt við 3. umr. í neðri deild Alþingis 1934. Viðvikjandi einstökum greinum frumvarpsins vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, og þeirra upplýsinga, er fram komu við umræður um málið.